



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

FLÓRGOÐINN

Meðal efnis í þessum Flórgoða:

- Pistill skólustjóra
- Landsliðið og Áslandsskóli
- Óskalisti
- Skógarferð í 5. bekk
- Kanínan Felix heimsækir Álfaheima



GÓÐI segir:



ÁFRAM ÍSLAND !!

MARGT Í VINNSLU / MARGT Á DÖFINNI

Kæru nemendur foreldrar / forráðamenn

Skólustarfið í Áslandsskóla hefur gengið afskaplega vel það sem af er vetri.

Margt hefur á daga drifið hjá nemendum og starfsfólki. Þetta tölublað Flórgoðans gefur lesendum nokkur dæmi auk þess sem nemendum finnst afskaplega gaman að fá mynd af sér í blaðið.

Framundan eru líka mörg skemmtileg verkefni. Í næstu viku er **vinavika í Áslandsskóla** sem lýkur með baráttudegi gegn einelti laugardaginn 8. nóvember. Margt verður á dagskrá í vinaviku. Í aðalandyri skólans hefur stóri veggurinn á móti skóhillunum verið útbúinn sem vináttuveggur. Þar munu nemendur og starfsfólk skrifa eða líma setningar eða ljóð sem tengist vináttu. Það verður því ákaflega fróðlegt að sjá hvernig veggurinn mun líta út í lok vikunnar. Á öllum morgunstundum vikunnar verður auk hefðbundinni morgunstundaverka, lagið *Ég er eins og ég* er sungið en nemendur fá tækifæri til að æfa sönginn dagana á undan. Þá munu vinabekkir hittast og eldri nemendur munu kenna þeim yngri dans sem tengist núverandi Comeniusarverkefni skólans.

Þriðjudaginn 11. nóvember verður síðan **skólaping í Áslandsskóla** í annað skiptið. Við byrjuðum á þessu í fyrra og verður að segjast að skólapingið 2013 heppnaðist ákaflega vel. Nemendur komu mörgum hugmyndum á framfæri. Sumum var hægt að hrinda strax í framkvæmd, aðrar eru í skoðun og enn aðrar voru kannski helst til of kostnaðarsamar. Engu að síður gefur skólaping öllum í skólanum tækifæri á að ræða saman um lífið í skólanum, hvað er vel gert og hvað við getum gert til að bæta skólustarfið með víðtækum hætti.

Nemendur hafa undanfarna daga komið hugmyndum að umræðuefnum til skólustjóra sem vinnur nú að undirbúningi þingsins.

Nemendur og starfsmenn hafa einnig lagt höfuðið í bleyti varðandi undirbúning **menningardaganna** okkar í mars á næsta ári. Í vikunni fengu allir tækifæri á að koma með hugmyndir að þema daganna. Unnið verður úr tillögum og í framhaldinu fá allir nemendur tækifæri á að kjósa um hvert þemað verður árið 2015.

Menningardagarnir eru ávallt

glæsilegir og draga að skólanum mikinn fjölda góðra gesta.

Ný heimasíða Áslandsskóla var tekin í notkun í síðustu viku. Síðan er glæsileg en hefur þó einstaka galla sem reynt verður að laga. Til að mynda er listi starfsmanna beintengdur launadeild Hafnarfjarðar en listinn er samt sem áður ekki réttur. Tölvudeild bæjarins er að reyna að finna út úr þessu leiða vandamáli. Ef foreldrar eða nemendur reka sig á eitthvað sem ekki ætti heima á síðunni, ef upplýsingar eru ekki réttar eða ef þið tejið eitthvað vanta á síðuna þá hvet ég ykkur til að hafa samband.

Að lokum er rétt að minna á skipulagsdaginn sem er föstudaginn 21. nóvember næstkomandi.

Þann dag mun Björk Jakobsdóttir leikkona halda erindi fyrir starfsmenn og þeir síðan starfa að skipulagsmálum. Nemendur eru í leyfi þann dag.

Góðar stundir
Leifur S. Garðarsson

Skólustjóri

Flórgoðinn er fréttablað Áslandsskóla.

Útgáfa blaðsins er rafræn og tölublað má einnig finna á vefsetri skólans www.aslandsskoli.is

LANDSLIÐIÐ & ÁSLANDSSKÓLI

Íslenska karlalandsliðið í handknattleik fékk lánaðan íþróttatíma hjá nemendum í 3ja bekk Áslandsskóla á dögnum. Landsliðið var þá að undirbúa sig fyrir leik gegn Ísrael.

Einstaklega góð nærvera nemenda varð landsliðinu greinilega góð hvatning því leikurinn vannst örugglega.

Nemendum þótti mikið til koma að fylgjast með köppunum í návígi.




LÍF Á LANDI Í 5. BEKK

Nemendur í 5. bekk skelltu sér í skógarferð á dögnum í tengslum við vinnu þeirra með bókina Líf á Landi í náttúrufræðum. Hér fyrir neðan má sjá myndir úr þeirri ferð.



ÓSKALISTI

Á dögunum voru nemendur í Hulduheimum að vinna verkefni tengt óskalistum. Einn nemandinn tengdi það við jólin og má sjá afraksturinn hér fyrir neðan. Gaman að sjá hve óskalistinn er víðtækur.



ÓSKALISTI

ÓSKALISTI
fyrir jólin

- 1 Stóran Angry birds
- 2 Hest með stjörnu
- 3 litin Bróður
- 4 Ketting
- 5 æfing
- 6 Húsið semamma átti fyrir af fjölskyldu
- 8 Reiga Bar Bítill
- 9 Reiga Mjög góðar
- Vínkonur

6 dúkka föt hjól gæludýr skíði bolti bók kubbar litir spil hljóðfæri skautar tölvuspil

Glæsilegt

KANÍNAN FELIX HEIMSÆKIR ÁLFAHEIMA

Við í Álfaheimum erum með gest þessa dagana. Það er kanínan Felix, en hann er að heimsækja krakka í þeim löndum sem taka þátt í Comeniusarverkefninu „Men Sana“. Felix fór fyrst til Slóveníu og er svo kominn til okkar.

Við skiptumst á að fara heim með Felix og skrifum og teiknum í dagbókina sem hann ferðast með um heiminn.



Kríuási 1
221 Hafnarfirði
Sími: 585 4600
Bréfsími: 585 4610
www.aslandsskoli.is
aslandsskoli@aslandsskoli.is

www.aslandsskoli.is

FLÓRGÓÐINN
Fréttablað Áslandsskóla

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:
Leifur S. Garðarsson
skólastjóri